

HEIMILIÐ YFIRGEFIÐ

Þegar íbúum á tilgreindum reitum (svæðum) hefur borist tilkynning um rýmingu ber þeim að fara í öruggt húsnæði fyrir skilgreinda tímasetningu. Tryggja þarf að öll þau sem í húsinu búa eða vinna fái vitneskju um að rýma skuli húsnæðið. Heimilisfólk þarf að ákveða hver eða hverjir það eru sem tryggja það.

Gott er að hafa hugað að því hvað nauðsynlegt sé að taka með sér þegar rýma þarf. Til að mynda er ágætt að miða við að hafa fatnað og nauðsynjar til nokkurra daga, ásamt því að taka með sér eigur sem erfitt er að bæta.

Taka með:

- Lyf, fatnað, snyrtivörur og nauðsynleg hjálpartæki, t.d. gleraugu og heyrnartæki.
- Hleðslutæki og/eða hleðslubanka fyrir farsíma.
- Nauðsynjar fyrir ungbörn ef þau eru á heimilinu.
- Mat og búr fyrir gæludýr ef þau eru tekin með.

Ekki gleyma að:

- Ganga tryggilega frá helstu verðmætum eða hafa þau meðferðis. Helstu verðmæti eru til að mynda verðmætir pappírar sem erfitt getur verið að fá endurútgefna, hlutir með tilfinningalegt gildi, vottorð, vegabréf o.fl.
- Loka öllum gluggum og hurðum.
- Tryggja að matvæli liggi ekki undir skemmdum á meðan rýmingu stendur.
- Ganga úr skugga um að hiti sé á húsinu.
- Gott er að skilja eftir ljós í forstofu og við útidyr.
- Setja rýmingarskiltið út í glugga þegar heimili hefur verið rýmt þannig að það sjáist sem best frá götu.

Að þessu loknu skal halda til fjöldahjálparstöðvarinnar til móttöku-/skráningarfólks eða hringja í 1717 og halda til þess dvalarstaðar sem ákveðinn hefur verið. Fólk er hvatt til þess að fylgjast vel með tilkynningum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.



HEIMILIÐ YFIRGEFIÐ

Ákvörðun um rýmingu

Ákvörðun um rýmingu er samstarf lögreglustjórans á Austurlandi, almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands. Ákvörðunin byggir á veðurspá, gögnum frá mælitækjum og mati eftirlitsmanns ofanflóða á staðnum. Ef um fyrirfram ákveðna rýmingu er að ræða munu íbúar húsa á rýmingarsvæði vera upplýstir um rýminguna með símtali frá lögreglunni á Austurlandi. Tilkynning er send til fjölmiðla og sett á vef sveitarfélagsins, lögreglunnar á Austurlandi, á vef almannavarna og á samfélagsmiðla. Tilkynningar eru þýddar á önnur tungumál í samræmi við samsetningu íbúa á viðkomandi svæði.

Við rýmingu

Þegar íbúum á tilgreindum reitum (svæðum) hefur borist tilkynning um rýmingu ber þeim að fara í öruggt húsnæði fyrir skilgreinda tímasetningu. Tryggja skal að öll þau sem í húsinu búa eða vinna fái vitneskju um að rýma skuli húsnæðið. Heimilisfólk eða starfsfólk þarf að ákveða hver eða hverjir það eru sem tryggja það.

Þegar húsnæði hefur verið rýmt er nauðsynlegt að tilkynna um dvalarstað á meðan rýming er í gildi. Það er gert hjá sjálfboðaliðum Rauða Krossins í fjöldahjálparstöðinni eða með því að hringja í hjálparsímann 1717.

Þau sem óska eftir aðstoð við að finna húsnæði meðan á rýmingu stendur mæta í fjöldahjálparstöð og fá upplýsingar um þau búsetuúrræði sem eru í boði.

Aflétting rýmingar

Rýmingu er formlega aflétt af lögreglustjóra Austurlands að höfðu samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands. Tilkynning um afléttingu rýmingar er send til fjölmiðla og sett á vef sveitarfélagsins, lögreglunnar á Austurlandi, á vef almannavarna og á samfélagsmiðla. Tilkynningar eru þýddar á önnur tungumál í samræmi við samsetningu íbúa á viðkomandi svæði.

Eftirfarandi hafa hlutverk í rýmingum

Lögreglustjóri Austurlands ákveður rýmingu í samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Veðurstofu Íslands.

Rauði krossinn hefur það hlutverk að opna fjöldahjálparstöð þar sem fólk skráir sig og upplýsir hvar það dvelur á meðan rýming er í gildi.

Skráning getur einnig farið fram í **hjálparsímanum 1717**.

